



Reykjavík, 29. september 2017

Bréf KÍ til skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og framhaldsskólum.

Efni: Um trúnaðarstörf fyrir KÍ.

Ágætu skólastjórnendur!

Með þessu bréfi vill Kennarasamband Íslands vekja athygli á þeim margvíslegu trúnaðarstörfum sem félagsmenn hafa með höndum fyrir kennarasamtökin og um mikilvægi þeirra fyrir skólastarfið í landinu.

Meginhlutverk KÍ er að vinna að gæðamenntun í þágu nemenda og samfélagsins með jafnræði og lýðræði að leiðarljósi. Gæði menntunar eru komin undir því að samfélagið búi vel að skólunum og kennarastéttinni. Það er forsenda þess að geta verið hverjum nemanda að sem mestu liði, faglega og persónulega.

Starf að þessu fer fram á vettvangi KÍ og aðildarféлага og að því kemur fjölmennur hópur. Félagslegir trúnaðarmenn sinna mikilvægum lögbundum verkefnum á vinnustöðunum og á vettvangi KÍ er unnið að sameiginlegum málum, kjara- og réttindamálum, skóla- og menntamálum, fræðslumálum, útgáfu- og kynningarmálum, jafnréttis- og starfsumhverfismálum og siðareglum kennara. Aðildarfélög KÍ sjá um sín kjaramál og innri málefni og svæða- og félagsdeildir þeirra sinna mikilvægum verkefnum í samráði við aðildarfélögin.

Að gegna trúnaðarstarfi felur í sér ábyrgð og skyldur og einnig getur það falið í sér álag því trúnaðarstörfin koma til viðbótar grunnstörfunum í skólunum.

En trúnaðarstarf styrkir persónulega færni sem skilar sér inn í starfið í skólunum, þekkingu, reynslu og yfirsýn. Það er mikill akkur fyrir hvern skóla að hafa starfsfólk sem sinnir trúnaðarstarfi fyrir kennarasamtökin.

KÍ leggur áherslu á að þeir sem sinna trúnaðarstörfum fyrir kennarasamtökin upplýsi skólastjórnendur um þau og samstarfsfólk á vinnustaðnum. Lykilatriði er að hafa góð samskipti við skólastjórnendur um svigrúm til að sinna trúnaðarstörfum. Skilningur skólastjórnenda skiptir hér mjög miklu máli.

KÍ óskar eftir góðu samstarfi við skólastjórnendur um stuðning við þá sem sinna trúnaðarstörfum fyrir kennarasamtökin, og svigrúm í starfi í þessu skyni. Bent er á að á bls. 2 í þessu bréfi eru tekin saman helstu atriðin í samkomulagi fjármálaráðherra og BHM/aðildarféлага og samkomulagi menntamálaráðherra og KÍ, frá 1989 um trúnaðarmenn.

Með kveðju
F.h. Kennarasambands Íslands

Þórður Á. Hjaltsted formaður og Aðalheiður Steingrímisdóttir varaformaður

Samrit til skólaskrifstofa.

Samkomulag fjármálaráðherra og BHM/aðildarféлага og samkomulag menntamálaráðherra og KÍ, frá 1989 um trúnaðarmenn.

Í samkomulaginu eru tilgreindir þeir hópar sem hafa stöðu trúnaðarmanna í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en þeir eru:

1. Kjörnir trúnaðarmenn samkvæmt 28. gr. þeirra laga,
2. Kjörnir trúnaðarmenn samkvæmt 2. gr. samkomulagsins, sem fjallar um sameiginlegan trúnaðarmann fyrir fleiri en einn vinnustað eða vakt,
3. Kjörnir stjórnarmenn stéttarféлага og heildarsamtaka þeirra,
4. Kjörnir samninganefndarmenn stéttarféлага.

Í samkomulaginu segir ennfremur:

- Trúnaðarmönnum skal heimilt að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum stéttarfélagsins í allt að eina viku einu sinni á ári án skerðingar á reglubundnum launum.
- Þeir sem kjörnir eru í samninganefnd fá leyfi til að sinna því verkefni án skerðingar á reglubundnum launum.
- Í öllum framangreindum tilvikum skal tilkynna yfirmanni stofnunar með eðlilegum fyrirvara um slíkar fjarvistir.
- Trúnaðarmenn og stéttarfélög geti haldið vinnustaðafundi enda séu slíkir fundir ekki til verulegs ónæðis fyrir starfsemi eða þjónustu viðkomandi stofnunar.
- Starfsmenn geti sótt námskeið um félagsleg málefni sem haldin eru á vegum viðkomandi stéttarfélags eða heildarsamtakanna og fái til þess leyfi frá störfum án skerðingar á reglubundnum launum.